Repps Minni

í

samsæti Íslendínga

þann 8. Febr. 1826.

Kaupmannahöfn.
Prentuð hjá Harðvíg Friðrek Popp.

Forðum daga frammí lönd
Frónska hreystin sendi,
af fal þeir spruttu friðarbönd
frægðar beittu hendi;
Hraustir vörðu Hilmis strönd,
hrós þeim sigr lèndi,
fyrri lètu fè og önd
enn flótta smán þá brendi.

Af frægðar verkum Öðlíngs ást
unnu fè og sóma,
Mánatindum meður sá'st
mikilvirkin ljóma.
Fóstrjörðu frægð ei brást
flöt það löndin róma,
ekki heldr minni mást
að manndygð fylgði skjóma.

þá heiðindómr helveg gekk
og Herrann ljósið sendi;
gleymsku var á breiðan bekk
brugðið slíðrayendi,
en bók þá strax í hendi hèkk
heims er fræði kendi,
lofs naut hvör er lærdóm fèkk
leystan vel af hendi.

Íslendíngar einsog fyr
úti Danmörk kæra
lètu farir*) flytja byr
fræði til að læra;
í staðinn fyri Hildar hyr
hófst nú menta snæra,
bíðr svo hjá brögnum kyr
brandi vunnin æra.

þú! — hvörs Minni signar Sjót,
sannar málið, Dæmi
þá hinnig steig af Fróni fót
fèkstu þjóða ræmi.
Einglar leiði æ þinn fót
um Eingla frídt samkvæmi,
vèr kveðjum þig með kærleiks hót;
krús því sèrhvör tæmi!

---

*) eðr fley, þ. e. tóku far.

Glasa rendr klíngi kátt,
krýni höfuð Rósa,
vorar raddir hefjum hátt
heilla för þèr kjósa!
Lukkan æ þèr láti dátt!
Land þèr meigi hrósa!
gleyma þú ei gamlri mátt
Grundu Norðrljósa! —